

Mál nr. 301/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar ökutækis A

Aftanákeyrsla á Arnarnesbrú ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns þ. 23.5.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 23.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

A var ekið aftan á bifreið M á Arnarnesbrú og daginn eftir leitaði M til lækni vegna einkenna daginn eftir og þar segir að M finni fyrir eymslum í hálsi og niður á milli herðablaða. M krefst bóta vegna líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur V ekki geta hafnað bótaskyldu úr hlutlægrri ábyrgðarreglu á grundvelli vafa um orsakatengsl sérstaklega þegar sú afstaða er mótuð af gögnum sem V lét vinna einhliða fyrir sig. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að þau einkenni sem M segist búa við í dag verði rakin til umferðaóhappsins. V hafnar sönnunargildi læknisvottorðs frá 6.2.2012 og bendir á að mjög takmarkað tjón hafi orðið á bifreið M og telur útilokað að hún hafi hlotið áverka við áreksturinn. Þá vísar V til niðurstöðu hraðaútreikninga sem félagið lét vinna fyrir sig.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í málinu liggur fyrir eitt læknisvottorð og beiðni um sjúkraþjálfun þar sem minnst er á annað óhapp. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 21.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.